

Veiðimálastofnunin, ágúst 1979
Þórir Dan Jónsson, Borgarnesi.

Vant

Athugun á Hítará í ágúst 1979

Þann 16/8 1979 fór fram á vegum Veiðimálastofnunarinnar athugun á Hítará og Grjótá. Tilgangur athuganna var að kanna seiðamagn fyrir ofan Kattarfoss í Hítará og sömuleiðis að athuga seiðamagn í Grjótá en hún þornaði upp veturinn 1977-1978, og Tumi Tómasson fann við rafveiðar í sept. 1978 mjög fá seiði eldri en 0^+ .

Við val á veiðistöðum var stuðst við veiðistaði Tuma frá 1976, en ekki reyndist unnt að rafveiða á Hítará 2, þar sem bílakostur var bágborinn þann dag sem rafveiðarnar áttu sér stað.



Niðurstöður rafveiðanna eru sýndar í töflu og súlurítum.

Staður	Stærð veiðisv.	Fjöldi veiddra laxaseiða		
		0^+	1^+	2^+
Hítará 1	450 m ²	48	17	3
Hítará 2	300 m ²	2	2	0
Grjótá 2	500 m ²	60	2	0

Efst í Hítará (Hítará 1) fengust færri vorgömul (0^+) laxaseiði en 1978, en meira af 1^+ seiðum og einungis þrjú 2^+ seiði. Er þetta í fullu samræmi við áður fengnar upplýsingar, en flest öll seiðir fara út strax á öðru ári. Í vor hefur verið mjög kallt og eru 0^+ seiðin núna mun smærri en í fyrra. Reyndist erfitt að veiða þau, en flest þeirra smugu í gegn um möskvana á hánum. Er ekki ólíklegt að fjöldi 0^+ seiðanna sé sá sami og í fyrra eða jafnvel meiri þótt færri 0^+ seiði hafi veiðst núna. Vegna smæðar sinnar er hætt við að mikil afföll verði á þeim í vetur og er full ástæða að fylgjast með þeim á næsta ári.

Í Grjótá var veitt á svæði 2 og fengust að þessu sinni aðeins tvö stk. af 1^+ seiðum. Bendir það til að veturinn 1978-1979 hafi sama sagan endurtekið sig frá vetrinum 1977-1978.

Að sögn Hallbjörns Sigurðssonar á Krossholti voru um 600 selir við ós Hítará. Er slíkur fjöldi sela alls óviðunandi og verður að fækka honum.



LENGDAR OG ALDURSDREIFING LAXASEIÐA Í
HÍTARÁ OG GRJÓTÁ HAUSTIÐ 1979.

LEIGUSAMNINGUR.

Veiðifélag Hítarár, í samningi þessum nefnt leigusali og Stangaveiðifélagið Grettistak, í samningi þessum nefnt leigutaki, gera með sér svofelldan leigusamning:

1.gr.

Leigusali leigir hér með leigutaka öll veiðiréttindi á vatnasvæði félagsins, en til þess teljast, Hítará og öll straumvötn, sem farveg eiga til hennar, svo og Hítarárvatn og aðrennslisár þess. Hverskonar fiskirækt í straumvötnum á vatnasvæðinu skal háð samþykki beggja samningsaðila.

2.gr.

Leigutaka er einungis heimil stangaveiði á vatnasvæðinu.

3. gr.

Leiguþíminn skal vera 5 ár þ.e. árin 1980-1984, bæði árin meðtalin. Árlegur laxveiðitími má vera 3 mánuðir á ári á tímabilinu 1. júní til 10. sept. Silungsveiði er heimil í straumvötnunum frá 1. apríl, þenskal hætt um leið og laxveiði. Veiði í Hítarvatni er heimil frá og með síðustu helgi í maí til 31. ágúst. Daglegur veiðitími skal vera eftir landslögum.

4. gr.

Vatnasvæðinu skal skipt í veiðisvæði eftir nánarasamkomulagi samninga- aðila.

5. gr.

Árleg veiðileiga skal vera sem hér segir: Fyrir vatnasvæði Hítarár fyrir utan Hítarvatn og aðrennslisár þess greiðist í peningum kr. 7.748.600.- (Sjömilljónir, sjöhundruðfjörutíuogáttapúsund og sexhundruð), fyrir Hítarvatn og aðrennslisár þess kr. 917.000.- (nínihundruð og seytjánþúsund), til mannvirkjagerðar og fiskiræktar kr. 1.430.000.- (ein milljón fjögurhundruð og þrjátíuþúsund), Árleg veiðileiga samtals kr. 10.095.600.- (tíu milljónir níutíu og fimmþúsund og sexhundruð krónur).

Leiguupphæðin breytist árlega til samræmis við breytingar á meðaltíma-kaupi bóndans í verðlagsgrundvelli landbúnaðarins frá desember til desember ár hvert, fyrst frá desember 1977.

Leigan greiðist árlega í tvennu lagi, helmingur 1.apríl en helmingur 1.júlí. Við lok núverandi samnings milli samningsaðila árið 1979, skal leigutaki gefa leigusala afsal fyrir hálfu veiðihúsinu Lundi við Brúarfoss án innbús skv. 14.gr núverandi samnings. Leigusali eignast þá einnig allan laxastigann í Kattarfossi skv. 7.gr. og hálfu vatnsmiðlunarstífluna við Hítarvatn skv. 9.gr.sama samnings. Við samningslok 1984 eignast leigusali til viðbótar eftirtaldar eignir leigutaka: Helming veiðihússins að Lundi við Brúarfoss án innbús. Veiðihúsið við Brúarkletta hjá Grjótá að öllu leiti, helming vatnsmiðlunarstíflu við Hítarvatn.

6.gr.

Leigusala er heimilt við samningslok 1984 að leysa til sín eignir leigutaka, sem eru innbú á Lundi og laxateljari í Kattarfossi.

7.gr.

Til umbóta á vatnasvæðinu skal árlega verja kr. 1.430.000.- (einni milljón fjögurhundruð og þrjátíuþúsund króna, sem breytist eftir verðlagi á sama hátt og árleg veiðileiga sbr. 5.gr. Skal fé þessu varið til seiðakaupa, sleppitjarna, veiðihúss á efrasvæði, vegabóta, umbóta á veiðistöðum, vatnsmiðlunar í Grjótá ofl. Samningsaðilar komi sér saman og leggi fyrir aðalfund Veiðifélags Hítarár til samþykktar áætlun um slíkar framkvæmdir til eins eða fleiri ára í senn. Ef seiðum er sleppt í vatnasvæðið síðasta ár samningstímans, endurgreiðir leigusali leigutaka andviðri þeirra við samningslok.

8.gr.

Aukist laxveiði á vatnasvæðinu árin 1980-1984, skal hækka árlega peningagreiðslu um 5% fyrir hvert hundrað laxa umfram 500 á ári.

9.gr.

Leigutaka er heimilt að framlengja vatnasvæðið:

10.gr.

Stangafjöldi bæði fyrir lax og silung, sé ákveðinn í samráði við veiðimálastjóra með tilliti til aukningar fiskstofns og hæfilegs veiðiálags á hverjum tíma.

11.gr.

Veiðimönnum er heimil umferð meðfram veiðisvæðinu, en hvorki meiga þeir spilla löndum, girðingum, né stýggja búfé að óþörfu, og þeir skulu að öllu leyti ganga vel og snirtilega um.

12. gr.

Leigutakar skuli sjá um að haldnar séu nákvæmar skýrslur um veiði og afhenda þær formanni stjórnar leigusala í lok veiðitíma ár hvert.

13. gr.

Veiðiréttar eigendur skuli hver um sig fá einn veiðidag í Hítará, á sumri hverju án endurgjalds. Og hafi leigutakar heimild til að hagræða þessum dögum þannig að þeim verði sem minnstur bagi að.

14. gr.

Leigutökum er heimil afnot af mannvirkjum félagsins enda annist þeir eðlilegt viðhald þeirra leigusala að kostnaðarlausu.

15. gr.

Mál sem rísa kunna út af samningi þessum skulu rekin fyrir aukadómþingi Mýra-og-Borgarfjarðarsýslu.

Krossholti, 24. ágúst 1978

Veiðifélag Hítarár.

Vottar að undirskrift:

Stangaveiðifélagið Grettistak
